

Andmælaréttur vegna verndar afurðaheita

Ísland ásamt Liechtenstein og Noregi annars vegar og hins vegar Bretland hafa gert með sér fríverslunarsamning um gagnkvæmisvernd afurðarheita sem vísa til uppruna eða landssvæðis, sbr. lög nr. 130/2014 um vernd afurðarheita, sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu. Samningurinn var samþykktur á Alþingi í mars 2022 en tók endanlega gildi 1. febrúar 2023.

Samkvæmt framangreindu hefur Bretland óskað eftir að tiltekin heiti njóti verndar hér á landi frá gildistöku samningsins til viðbótar þeim afurðarheitum sem þegar njóta verndar frá 2015. Stjórnvöld leggja nú mat á hvort heitunum verði veitt vernd.

Í 26. gr. laga nr. 130/2014, er kveðið á um að áður en fallist er á vernd erlendra heita samkvæmt milliríkjasamningi skuli Matvælastofnun auglýsa lista yfir þau afurðarheiti sem verndar munu njóta, ásamt upplýsingum um hvar nálgast megi afurðarlýsingar eða skjal sem jafna má til hennar.

Matvælastofnun auglýsir hér með eftir andmælum gegn því að heiti þau sem listuð eru á vefsíðunni www.mast.is öðlist vernd á Íslandi.

Andmælarétt hafa allir þeir sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta. Andmælum skal fylgja rökstuðningur og skulu þau hafa borist Matvælastofnun fyrir 16. júní n.k. Hægt er að senda andmæli á netfangið mast@mast.is.

Andmæli verða einungis tekin til meðferðar hafi þau borist innan ofangreinds tímafrests og ef þau sýna fram á að:

- fyrirhuguð vernd heitis stangist á við heiti plöntuafbrigðis eða dýrakyns svo líklegt sé að það valdi hættu á ruglingi
- fyrirhuguð vernd heitis stangist á við einsheiti þ.e. heiti sem er alveg eins og annað heiti en hefur aðra merkingu og villi þannig um fyrir neytendum og fái þá til að álíta að afurðirnar komi frá öðru svæði
- fyrirhuguð vernd heitis villi um fyrir neytendum hvað varðar raunverulegan uppruna afurðar í ljósi orðspors vörumerkis og hversu þekkt það er ásamt þeim tíma sem vörumerki hefur verið í notkun hér á landi
- fyrirhuguð vernd heitis stofni innlendu heiti sem er að öllu leyti eða hluta samhljóða viðkomandi heiti í hættu, fyrirhuguð vernd heitis stofni samhljóða vörumerki í hættu eða stofni í hættu tilvist afurðar sem hefur verið löglega á markaði í að minnsta kosti fimm ár áður en auglýsing þessi er birt
- fyrirhuguð vernd heitis stangist á við almennt heiti fyrir tiltekna afurð.

Um tengsl við vörumerki og félagamerki er vísað til IV. kafla laga nr. 130/2014.

Ofangreind atriði verða metin út frá réttindum og aðstæðum á Íslandi.